

**Námsáætlun fyrir hönnun og smíði - 6. bekkur  
skólaárið 2021 - 2022**



**Kennari:** Jóhanna Kristín Hauksdóttir

**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálftr skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Handverk</b>	<p>Geti valið og notað helstu verkfæri og mælitæki á réttan hátt.</p> <p>Unnið úr nokkrum gerðum smíðaefna s.s. mdf, krossvið (birki og greni), furu. Kynnast plexigleri.</p> <p>Unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur þjálfast í að nota verkfærin sem þau hafa unnið með fram til þessa og bæta fleirum við eins t.d. handhefli.</p> <p>Helstu mælitæki s. s. málstokk og málband.</p> <p>Verkefni af ýmsum toga</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati á meðan á vinnu nemenda stendur.</p> <p>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.</p> <p>Frammistaða í tímum er metin.</p>
<b>Hönnun og tækni</b>	<p>Tjáð hugmyndir sínar með þvíðri skissu.</p> <p>Geti gert vinnuteikningu og málsett hana.</p> <p>Lesið einfalda teikningu og smíðað eftir henni.</p> <p>Notað yfirborðsmeðferð á mismunandi hátt.</p>	<p>Nemendur teikna mynd af viðfangsefni eftir eigin hugmynd, yfirfæra á efnivið sem á að nota. Forma með viðeigandi verkfærum. Slípa, lita og lakka.</p> <p>Nemendur þjálfast að nota akrýlliti, bæs, lökk og persónuhlífar.</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

	<p>Valið samsetningar sem hæfa.</p> <p>Getu sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum.</p> <p>Getu bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi.</p> <p>Getu greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir.</p>	<p>s.s. vogarafl gorma og teygjur</p> <p>s.s. tölvur, símar, ský, þurfum ekki að fara út í búð, getum pantað og borgað í gegnum netið. Margir geta unnið sína vinnu heima (eins og menn gerðu í covid).</p> <p>s.s. afhverju notum við hnífapör og afhverju eru þau alltaf svipuð?</p>	
<b>Umhverfi</b>	<p>Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</p> <p>Getu gert grein fyrir hvort og hvaða efni séu hættuleg.</p> <p>Notað ný og endurunnin efni í smíðavinnu.</p> <p>Ræðum um hluti sem hægt væri að lengja líftíma.</p> <p>Vera meðvituð um rétta vinnustellingar og notað viðeigandi hlífðarbúnað.</p>	<p>Nemendur læri um íslenskar viðartegundir og vinni verkefni tengdum þeim.</p> <p>Endurnýtum efni.</p> <p>Sem dæmi: ef til er ostaskeri heima hjá nemendum sem hefur bilað handfang væri hægt að koma með hann og laga eða gera nýthandfang</p> <p>Nota hlífðargleraugu og eyrnahlífar</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi smíðaeftum.</p> <p>Metin er hæfi til að vinna með ólíkum vinnubrögðum við verkefnagerð.</p>

**Námsgögn:**

Bækur, blöð og síður á netinu til hugmyndavinnu. Efnivið sem skólinn kaupir og einnig er í boði að nemendur komi með efni sem þeir vilja nota (kannski eitthvað sem þeir hafa fundið í fjörunni eða annarsstaðar).

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið eftir þetta skólaár.

Einnig notar kennarinn leiðsagnarmat sem fer fram í hverjum tíma.

Nemendur fá endugjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.